

Föstudaginn 6. maí 1938.

Nr. 18/1938. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)  
gegn

**Vilhjálmur Valdimar Guðlaugssyni**  
(Eggert Claessen).

Áfengislagabrot.

**Dómur hæstaréttar.**

Að því athuguðu, að nokkurrar ósamkvæmni gætir í skýrslum vitnanna Inga Þórs Guðmundssonar og Þorsteins Eiríkssonar, þá þykir þegar af þeirri ástæðu ekki sönnuð sala áfengis af hendi kærða til Inga Þórs. Með þessari athugasemd þykir mega fallast á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að refsing kærða ákveðst 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 800 króna sekt til menningarsjóðs, sem afplánist með 35 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Vilhjálmur Valdimar Guðlaugsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og greiði 800 króna sekt til menningarsjóðs, sem afplánist með einföldu fangelsi í 35 daga, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningu laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningu mannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögreluréttar Reykjavíkur 1. febr. 1938.**

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Vilhjálm Valdimar Guðlaugssyni fisksala, til heimilis á Bergstaðastræti 8 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum.

1927  $\frac{1}{4}$  Sætt 10 kr. sekt fyrir brot á fisksölureglum.

1937  $\frac{1}{6}$  Dómur lögreluréttar Reykjavíkur, 800 króna sekt og 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.

Laugardaginn þann 22. janúar s. l. komu á lögrelustöðina Finnbogi Rútur Kolbeinsson sjómaður, Nýlendugötu 19, og Halldór Benediktsson skipstjóri, Suðurgötu 26, og skýrðu frá því, að þeir hefðu kvöldið áður farið heim til kærðs. Var ætlun þess fyrrnefnda sú að fá keypt hjá honum áfengi. Hittu þeir kærðan heima, og bað Finnbogi Rútur hann að selja sé hálfflösku af brennivíni. Kvaðst hann geta gert það, og samdist strax um verðið kr. 5.00.

Bað kærður þá Finnboga að koma einan með sér, og fóru þeir síðan tveir einir inn í herbergi, og afhenti kærður Finnboga þar whiskypela nærri fullan af brennivíni, en Finnbogi greiddi 5 krónur fyrir. Fóru þeir Finnbogi og Halldór síðan burtu.

Kærður hefir játað, að þessi skýrsla sé rétt. Kveðst hann hafa keypt heilflösku af brennivíni þann 18. desember og hafa drukkið helminginn af henni. Hafi það, sem hann seldi, verið afgangurinn af flöskunni og hafi kostað sig kr. 4.00 í innkaupi.

Kærður hefir eindregið neitað að hafa selt annað áfengi en þetta síðan hann var dæmdur fyrir áfengissölu þann 14. september síðastliðinn.

Í máli þessu hefir komið fram vitnisburður Inga Þórs Guðmundssonar verkamanns, Baldursgötu 16, um að hann hafi þann 18. desember síðastliðinn, einu sinni milli jóla og nýárs og loks laugardaginn 8. janúar s. l., öll skiptin að kvöldi, farið heim til kærðs og í hvert skipti keypt af honum eina flösku af brennivíni fyrir kr. 9.00, og hafi Þorsteinn Eiríksson verkamaður, Hverfisgötu 82, í öll skiptin beðið eftir sér, ýmist úti fyrir húsi kærðs eða í forstofu hans.

Framburður Þorsteins Eiríkssonar um þetta atriði er samhljóða framburði Inga Þórs, og kveðst hann í öll skiptin hafa verið viss um, að Ingi Þór hafi farið áfengislaus inn í hús kærða, en hann hafi í öll skiptin komið með brennivinsflösku út og hafi hann sagt sér, að hann fengi þær hjá kærðum fyrir 9 krónur hverja.

Þorsteinn hefir enn fremur borið, að hann hafi rétt fyrir jólin farið heim til kærðs og verið undir áfengisáhrifum.

Hafi hann þá beðið kærðan að lána sér eina brennivinsflösku, en hann hafi sagzt alls ekki lána honum, manni, sem hann ekkert þekkti.

Áfengissala sú, er framburður þessara vitna fjallar um, verður að visu ekki talin nægilega sönnuð gegn eindregnum mótmælum kærðs, en eigi verður fram hjá því gengið, að framburður vitnanna veiti líkur fyrir því, að sala kærða á frammanfndri hálfflösku af brennivína hafi ekki verið slikt einsdæmi og hann hefir skýrt frá.

Með áfengissölu þeirri, er að framan er lýst, hefir kærður gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga og 800 kr. sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Vilhjálmur Valdimar Guðlaugsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga og greiði

800 kr. sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. maí 1938.

Nr. 40/1938. **Réttvísinn** (Theódór B. Lindal)

**gegn**

**Kristvin Guðbrandssyni**

(Lárus Jóhannesson).

Djófnaður.

**Dómur hæstaréttar.**

Brot ákærða, sem frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 6 gr. laga nr. 51/1928, og þykir refsing ákærða fyrir það hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Svo þykir og mega ákveða, að refsingin verði skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum laga nr. 39/1907.

Ákærða ber að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristvin Guðbrandsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.